


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	<b>SKYN2EÁ01</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
<b>Haustönn 2015</b>		

### Áfangalýsing:

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bóklegr og verkleg. Farið er í helstu blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálpar við bruna. Helstu höfuð, háls og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst kvið og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina liðamóta og vöðvaáverka. Kennt er að spelka útlími með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- hugmyndafræði skyndihjálpar
- hvernig mat á slösuðum einstaklingi á slysstað er framkvæmt
- framkvæmd endurlífgunar
- blæðingum og viðbrögðum við lostástandi
- helstu tegundum sára, umbúða og sárabinda
- helstu tegundum brunasára og skyndihjálpar vegna brunasára
- helstu áverkum á líkama
- fyrstu viðbrögðum við kali, ofkælingu og ofhitnun
- fyrstu viðbrögðum vegna bráðra sjúkdóma, eitrana, bits eða stungna

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bregðast við dauðadái
- framkvæma mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- flytja slasaðan einstakling af slysstað á öruggan hátt
- framkvæma blástursmeðferð og hjartahnoð
- búa um sár og velja umbúðir við hæfi
- stöðva blæðingu og búa um blæðandi sár
- beita viðeigandi meðferð við losti
- spelka útlími eftir áverka/tognanir
- veita fyrstu hjálpar vegna brunasára
- veita fyrstu hjálpar vegna kals, ofkælingar og ofhitnunar

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta aðstæður á slysstað og bregðast við þeim á viðeigandi hátt
- veita skyndihjálpar vegna bráðra sjúkdóma, dauðadás, slysa og/eða líkamlegra áverka

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	<b>SKYN2EÁ01</b>	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
<b>Haustönn 2015</b>		

•**Námsgögn:** Skyndihjálpar og endurlífingun, 2012. Nemendur hafa tök á að kaupa útprentaðar glærur úr bókinni á skrifstofu skólans.

•**Áætlun um yfirferð:**

**Dagur 1.**

Kynning á starfsemi RKÍ, farið yfir kennsluáætlun. Viðbrögð á slysstað, sálræn skyndihjálpar. Grundvallaratriði skyndihjálpar. Endurlífingun bókleg.

**Dagur 2.**

Endurlífingun verkleg, bráð veikindi, áverkar á líkama og viðbrögð við þeim.

**Dagur 3.**

Sár, brunasár, blæðingar og meðferð við þeim.

Slys af völdum dýra. Kal, ofkæling, heilsufarsvandi af völdum hita.

Skriflegt krosspróf.

•**Verkefni:** Verklegar æfingar eru fléttaðar inn í kennsluna alla dagana og gerðar eru kröfur á nemendur taki þátt í þeim.

•**Námsmat og vægi námsþátta:** Krossapróf með 20 spurningum er lagt fyrir í lok námskeiðsins. Nemandi þarf að ná einkunninni 5 til að ná áfanganum og mæta 100% í allar kennslustundirnar. Nemandi sem nær einkunninni 7 eða hærri getur sótt um skírteini til Rauða krossins og þurfa nemendur sjálfir að nálgast þessi skírteini, skírteinin kosta kr. 700. Kennari sér um að koma upplýsingum um nemendur til Rauða kross Íslands.

•**Kennslugögn:** Sýnd eru myndbönd frá RKÍ, breska rauða krossinum og af you tube sem tengjast efni kennslunnar.

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils